

Alþingi - Umhverfisstofnun  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. desember 2008  
Tilvísun: UST20081100079/gþ

### Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi umhverfisstofndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts, 34. mál. Í tillögunni kemur fram að mannvirkjagerð og röskun á náttúrulegum rennslisháttum verði óheimil og að áhersla verði á verndun landslags, náttúrufars og menningarminja. Nýting svæðisins byggji á hefðbundnum landbúnaði, útivist og ferðaþjónustu.

Umhverfisstofnun fagnar framkominni tillögu um friðlýsingu Skjálfandafljóts þar sem fjallað er um friðlýsingu sem nær til alls vatnasviðs árinna ásamt þverám. Stofnunin bendir á að nokkur svæði á náttúruminjsakrá (7. útg.) sem tengjast tillögu að friðlýsingu Skjálfandafljóts, en það eru:

- Tungnafellsjökull og Nýidalur (516),
- Laufrönd og Neðribotnar (518)
- Ingvaraarfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss (519),
- Goðafoss (521),
- Þingey (522)
- Votlendi á Sandi og Sílalæk (527).

Árið 2000 vann Umhverfisstofnun að friðlýsingu Þingeyjar og Skuldapíngeyjar ásamt nágrenni, en ósk um friðlýsingu hafði borist frá heimamönnum. Héraðsnefnd hafnaði áframhaldandi vinnu við friðlýsingu svæðisins. Nokkru áður hafði stofnunin kannað möguleika á friðlýsingu Goðafoss og Hróteyjar í Skjálfandafljóti en samningar náðist ekki um friðlýsingu. Þar sem svæðið sem lagt er til að verndað verði nær til fjölda jarða og að fenginni þeirri reynslu sem hér er vitnað til tekur Umhverfisstofnun undir það sjónarmið að rétt sé að friða svæðið með lögum fremur en stjórnvaldsfyrirmælum.

Umhverfisstofnun bendir einnig á *Lög um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti* nr. 62/1961 þar sem m.a. kemur fram að afhendingin á þar tilgreindum eignarhluta ríkisins til Suður-Þingeyjarsýslu er háð þeim skilyrðum að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja um hið forna þinghald. Fram hafa komið hugmyndir um verndun Þingeyjar og nágrennis t.d. í Árbók Þingeyinga 1959, í grein Þóris Baldvinssonar, *Héraðsgarður á Þingey* og í júní 1994 ritaði Óttar Indriðason greinina *Þingey og umhverfi hennar* í Lesbók Morgunblaðsins.

Um vernd og nýtingu bendir stofnunin á Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (1. áfanga) og vinnu við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða sem gert er ráð fyrir að lokið verði við í árslok 2009.

Virðingarfyllst

Sigrun Agústs dóttir

*Sigrun Agústs dóttir*

Guðríður Þorvarðardóttir

*Guðríður Þorvarðardóttir*